

Grunnskólinn á Þórshöfn

2015-2016



Bekkjanámskrá

5. og 6.bekkur



Efnisyfirlit

Bakgrunnsupplýsingar	2
Bekkjasáttmáli	3
Skólareglur.....	4
Aðalnámskrá grunnskóla	6
Íslenska	7
Stærðfræði	8
Samfélagsfræði - landafræði	13
Náttúrufræði	14
Heimilisfræði	15
Lífsleikni.....	16
Upplýsinga og tæknimennt	16
Smíðar.....	17
Textíll	18
Myndmennt.....	18

Bakgrunnsupplýsingar

Umsjónarkennari: Hilma Steinarsdóttir
hilma@thorshafnarskoli.is

Aðrir kennarar: Árni Davíð Haraldsson
arni@thorshafnarskoli.is

Hrafngerður Ösp Elíasdóttir
hrafngerdur@thorshafnarskoli.is

Nikola Zdenko Peros
nik@thorshafnarskoli.is

Ólína Ingibjörg Jóhannesdóttir
olina@thorshafnarskoli.is

Þorsteinn Ægir Egilsson
steini@thorshafnarskoli.is

Í stundatöflu eru 35 kennslustundir (miðað við 40 mínútna)

Heimanámstímar sem nemendur skrá sig í, ekki skylda - 60 mín á viku

Nemendur 5.bekkjar	Nemendur 6.bekkjar
Alexandra Heiða Jóhannsdóttir	Berghildur Ösp Júlísdóttir
Dagný Rós Kristjánsdóttir	Bjarney Hulda Eypórsdóttir
Gabriel Máni Krawczyk	Ingimar Darri Jónsson
Katrín Rúnarsdóttir	Júlía Uscio
Ólafur Ingvi Sigurðsson	Katrín Sól Sigfúsdóttir
Sigurbergur Gunnar Halldórsson	Unnar Gamalíel Guðmundsson
Teitur Ari Sigurðarson	Vala Örvarsdóttir
	Zuzanna Jadwiga Potrykus



Bekkjasáttmáli



Við viljum:

- Hlægja
- Hafa gaman
- Ganga vel um
- Ekki meiða aðra
- Hafa hárið í friði
- Ekki kasta hlutum
- Bekkjarkvöld 1x í mánuði
- „skemmtidag“ 1x í mánuði



September 2015

Grunnskólinn á Þórshöfn



Skólareglur

Grunnskólinn á Þórshöfn styðst við ART í agastjórnun og þegar vinna þarf með erfiða hegðun. Olweusaráætlunina nýtum við sem forvörn og viðbragð við eineltismálum. Í öllu skólastarfi okkar horfum við til þeirrar grunnreglu að við leggjum ekki aðra í einelti.

Við í Grunnskólanum á Þórshöfn:

- ✿ *Mætum stundvíslega í skólann, að morgni, eftir frímínútur og í hádegi. (Foreldrar / forráðamenn tilkynna veikindi eins fljótt og kostur er á skrifstofu skólans eða færa sjálf inn í Mentor fyrir klukkan 8:00 að morgni. Tilkynna þarf veikindi hvern dag sem barnið er veikt heima.*
 - o *Beiðni foreldra um leyfi í 1 -2 daga skal vísa til umsjónarkennara. Óski foreldrar eftir lengra leyfi fyrir börn sín, fylla þeir út sérstakt eyðublað sem má finna á vef skólans og skila inn til ritara. Skólastjóri ákvarðar svo um hvort leyfi verði veitt.*
- ✿ *Komum fram af vinsemd og virðingu við alla í skólanum og sýnum fyllstu kurteisi.*
- ✿ *Göngum vel um bæði úti og inni og förum vel með eigur skólans, okkar eigin og annarra. Nemendur bera ábyrgð á því tjóni sem þeir kunna að valda á eigum skólans, starfsmanna eða annarra nemenda.*
- ✿ *Erum á skólalóð í frímínútum og hádegi.*
- ✿ *Fáum tilkynningu að hausti frá foreldrum og eða forráðamönn þar sem þeir tilkynna ef börn þeirra eiga að fara heim í hádeginu. Í hádegishléi eru þau börn á ábyrgð foreldra og eða forráðamanna.*
- ✿ *Geymum hjól og hlaupahjól við hjólagrindur á skólatíma og vélhjól á bílastæði skólans. Við notum ekki þessi farartæki á skólalóðinni á skólatíma af öryggisástæðum. Allir nemendur skulu hafa hjálma skv. umferðarreglum. Við mælumst til þess að fullorðnir geri hið sama.*
- ✿ *Berum sjálf ábyrgð á þeim fjármunum eða verðmætum sem við komum með í skólann. Skólinn tekur ekki ábyrgð á persónulegum munum né fjármunum.*
- ✿ *Komum með hollt nesti í skólann.*
- ✿ *Neytum ekki sælgætis í skólanum eða í ferðum á vegum skólans, nema með sérstökum undantekningum sem eru kynntar fyrirfram*

✿ *Notum ekki hluti eða tæki sem valda truflun að mati kennarans eða skapa slyshættu í skólanum né á skólalóðinni á skólatíma. Allir símar skulu vera stilltir á hljótt á skólatíma sem og önnur fjarskiptatæki. Öll notkun farsíma til samskipta skal miðast við frjálsan tíma nemenda. Allar myndatökur nemenda eru stranglega bannaðar á skólatíma nema með leyfi skólastjóra eða kennara í hans umboði.*

- o *Fáum leyfi hjá kennurum ef við viljum hlusta á tónlist í kennslustundum*
- o *Hvers kyns mynda- og hljóðupptökur eru með öllu óheimilar í skólahúsnæði Grunnskólans á Þórshöfn eða í ferðum á hans vegum, nema með sérstöku leyfi skólastjórnenda. Allar upptökur eru sömuleiðis stranglega bannaðar í Veri.*

Umsjónarkennarar setja frekari reglur um umgengni og almenn samskipti í samráði við nemendur sína og nemendur semja sínar eigin bekkjarreglur.

Komi upp vandamál vegna hegðunar og/eða ástundunar nemanda eru þau leyst í samvinnu við nemendur og foreldra. Ef ekki tekst að leysa vandann þannig, leitar umsjónarkennari eftir aðstoð hjá skólastjórn og ráðgjöfum skólans. sbr. sérstakar verklagsreglur sem skólinn hefur sett sér.

Ef ekki reynist unnt að leysa vandann innan skólans er leitað annarra leiða í samvinnu við Félags og skólaþjónustu Norðurlands.

Skólareglurnar eru kynntar nemendum og foreldrum þeirra að hausti. Skv. Grunnskólalögum 2008, grein 18, skulu foreldrar stuðla að því að nemendur mæti úthvildir í skólann og fylgi skólareglum. Umsjónarkennarar fjalla um og útskýra reglurnar í sínum umsjónarhópum.

Ítarlegri útfærsla á skólareglum, svokallaðar bekkjarreglur, er á höndum umsjónarkennara og skulu þeir tryggja kynningu og eftirfylgd þeirra.

Grunnskólinn á Þórshöfn veturinn 2015 - 2016

Ég hef kynnt mér skólareglur GP og skrifa hér undir því til staðfestingar:

Undirskrift foreldra/forráðamanna

Undirskrift nemanda

Ábendingum og hugmyndum að breytingum á skólareglum, er hægt að koma til skólastjóra á netfangið ingveldur@thorshafnarskoli.is

Aðalnámskrá grunnskóla

Í Aðalnámskrá grunnskóla er lögð mikil áhersla á samstarf heimila og skóla en þar segir:

„Velferð barna og farsæl námsframvinda byggist ekki síst á því að foreldrar styðji við skólagöngu barna sinn og gæti hagsmuna þeirra í hvívetna, eigi gott samstarf við skóla, veiti skólanum viðeigandi upplýsingar og taki þátt í námi barna sinna og foreldrastarfi frá upphafi til loka grunnskóla. Upplýsingagjöf milli heimila og skóla og samráð kennara og foreldra um nám og kennslu er mikilvæg forsenda fyrir árangursríku skólastarfi. Skólar bera ábyrgð á að slíkt samstarf komist á og því sé viðhaldið alla skólagöngu barnsins. Virk hlutdeild og þátttaka foreldra í námi og starfi barna sinna er forsenda þess að foreldrar geti axlað þá ábyrgð sem þeir bera á farsælu uppeldi og menntun barna sinna.“ (bls 45)

„Eins og fram kemur í grunnskólalögum bera foreldrar ábyrgð á uppeldi barna sinna og bera ábyrgð á að þau innritist í skóla þegar þau komast á skólaskyldualdur og sæki skóla. Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna og eiga að stuðla að því að þau stundi nám sitt. Foreldrar fylgist með námsframvindu barna sinna í samvinnu við þau og kennara þeirra og eiga að greina skólanum frá þeim atriðum sem kunna að hafa áhrif á námsframvindu, ástundun og hegðun. Foreldrar fá jafnframt tækifæri til að taka þátt í námi barna sinna, svo og í skólastarfinu almennt. Foreldrar skulu hafa samráð við skólann um skólagöngu barna sinna, fylgjast með og styðja við skólagöngu þeirra og námsframvindu og stuðla að því að börnin mæti úthvöld í skólann og fylgi skólareglum.“ (bls 70)

„Gagnkvæm og virk upplýsingagjöf stuðlar að trausti milli foreldra og starfsfólks skóla og hjálpar þeim að deila ábyrgð og taka ákvarðanir sem lúta að velferð nemenda. Með auknum kynnum foreldra af daglegu starfi í skólanum og skipulegri samvinnu um skólastarfið aukast líkur á virkri þátttöku foreldra í tengslum við ákvarðanir og ábyrgð. Aukin hlutdeild foreldra stuðlar að bættum námsárangri barna og bættri líðan þeirra. Brýnt er að skólar gefi reglulega skýrar upplýsingar um skólastarfið og áætlanir sem liggja fyrir um starfsemi skólans. Þetta má gera með ýmsum hætti, t.d. í foreldraviðtölum, á sameiginlegum kynningarfundum með foreldrahópum, í skólanámskrá, gegnum rafræn samskiptaforrit og á vefsíðu skólans. Foreldrar skulu upplýsa skólann sem best um hagi barnsins og almennan þroska og greina frá þeim þáttum sem geta haft áhrif á líðan þess og frammistöðu í skólanum.“ (bls 72)

Kennarar í Grunnskólanum á Þórshöfn nota Mentor sem aðal upplýsingagjafa og mikilvægt að foreldrar fari reglulega þar inn og fylgist með.

Íslenska

Kennari: Hilma Steinarsdóttir

Markmið að nemendur:

- Læri að greina aðalatriði frá aukaatriðum í sögum
- Læri að bera kennsl á aðalpersónur og aukapersónur í sögum
- Læri um uppbyggingu bókmenntaritgerðar og snyrtilegan frágang
- Þekki hugtökin upphaf, miðja og endir í frásögnum og geti nýtt sér þau í eigin skrifum
- Þjálfist í lesskilning, orðaforða og málskilning
- Lesi sögur, ævintýri, þjóðsögur, goðsögur, dæmisögur, skopsögur og lengri bækur
- Þekki til nokkurra íslenskra rithöfunda með áherslu á höfunda sem skrifað hafa bækur fyrir börn og unglina
- Læri að tjá sig á rituðu máli í rökréttu samhengi
- Auki orðaforða sinn og örvi málnotkun
- Þjálfist í að skrifa skýrt og greinilega og vanda frágang
- Þjálfist í að stafsetja rétt
- Þekki orðflokkanafnorð, sagnorð og lýsingarorð og helstu einkenni þeirra
- Kynni að fletta upp orðum í stafrófsröð og að nýta sér upplýsingar í orðabókum
- Læri þekktar vísur og ljóð utanbókar til munnlegs flutnings
- Skoði uppbyggingu ljóða og Kynnist hefðbundnu og óhefðbundnu ljóðaformi

Leiðir að settum markmiðum:

Grunnnámsgögn eru Benjamín dúfa, Ljóðspor, Málrækt 1,2 og 3, Mál til komið verkefnabók og grunnbók, Mál í mótun verkefnabók og grunnbók, Mál er miðill verkefnabók og grunnbók. Í málfræði vinnur hver nemandi á sínum stað í verkefna og stílabækur.

Nemendur gera sameiginlegt málfræðitré sem sett er á vegg í skólafundni en þar verða flokkarnir sagnorð, smáorð og fallorð (lýsingarorð, töluorð, fornöfn, greinir og nafnorð). Á haustönn lesum við Benjamín dúfu saman, gerum glósur og ritgerð.

Nemendur æfa skrift í skriftarbækur og skrift og réttitun í stílabækur.

Á vorönn leggjum við áherslu á ritun, kynnum okkur rithöfunda og ljóð og ljóðskáld. Einnig unnið áfram í skrift, lestri og málfræði.

Stærðfræði

Kennari: Ólína Ingibjörg Jóhannesdóttir

Markmið: unnin úr hæfniviðmiðum í aðalnámskrá grunnskólanna. Markmiðin eru í sömu röð og áfangarnir yfir skólaárið.

Reikningur og aðgerðir

Markmið að nemendur:

- efli skilning sinn á reikniaðgerðum og þjálfist í að beita þeim á mismunandi verkefni
- þekki og geti farið ólíkar leiðir við hugarreikning
- þjálfist í að deila og margfalda með tug og hundraði
- viti að dreifiregla gildir við margföldun
- þjálfist í að reikna með háum tölum
- kynnist nokkrum ólíkum leiðum við að leggja saman og draga frá
- þjálfist í að nota fleiri en eina leið við útreikninga
- efli skilning sinn á reikniaðgerðunum margföldun og deilingu og geti notað þær við að leysa þrautir af mismunandi gerð
- geti nýtt sér þekkingu á tugakerfinu til að margfalda með heilum tugum
- þekki margföldunarhlutleysu (talan 1 er margföldunarhlutleysa þar sem hún breytir ekki útkomunni) og áhrif 0 við margföldun
- átti sig á að víxlregla gildir við margföldun og samlagningu (t.d. það skiptir ekki máli hvort við gerum 2×3 eða 3×2 útkoman verður alltaf sú sama)
- geri sér grein fyrir að margföldun og deiling eru andhverfar aðgerðir, og samlagning og frádráttur líka.
- geri sér grein fyrir að deiling geti bæði verið jöfn skipting og endurtekinn frádráttur

Almenn brot

Markmið að nemendur

- geti skráð ræðar tölur sem almenn brot
- efli færni sína í að myndgera almenn brot á mismunandi hátt
- geti skráð ólík heiti á sömu tölu
- noti almenn brot til að lýsa fjölda, magni og stærð
- ræði saman um stærðfræði og færi rök fyrir máli sínu
- skrái niðurstöður sínar og geri grein fyrir lausnaferli í mæltu máli
- geti notað almenn brot til að lýsa hlutfalli
- geti skráð stærð bæði sem almennt brot og tugabrot
- þekki jafngild brot
- geti framkvæmt einfalda útreikninga með brotum
- geti lesið og skráð tugabrot
- átti sig á samhenginu milli almennra brota og tugabrota

- viti að almenn brot, tugabrot og prósentur má nota til að lýsa hlutfalli og skráð stærðir
- þekki prósentuhugtakið og geti fundið prósentur af heilum hundruðum

Mælingar

Markmið að nemendur

- geri sér grein fyrir hvað felst í því að mæla
- velji heppileg mælitæki til að mæla með
- velji sér mælieiningar sem hentar því sem mæla á
- geti beitt mælitækjum af nákvæmni
- átti sig á uppbyggingu metrakerfisins
- átti sig á að hægt er að mæla sama hlutinn á mismunandi vegu

Rúmfræði og þrívídd

Markmið að nemendur

- geri sér grein fyrir eiginleikum tví- og þrívíðra forma
- geti þakið flöt með mismunandi formum
- efli færni sína í þrívíddarteikningu
- greini tví- og þrívíð form í umhverfi sínu
- kanni eiginleika fernings og jafnhliða þrí-, fimm- og sexhyrninga og notfæri sér þekkingu sína á þeim
- þjálfist í rökhugsun

Flatarmál

Markmið að nemendur

- geri sér grein fyrir hvað flatarmál merkir
- geti borið saman stærð flata sem hafa ólíka lögun
- mæli með stöðluðum og óstöðluðum einingum og beri saman niðurstöður mælinga
- geti reiknað út flatarmál rétthyrninga ef hliðarlengdir eru þekktar

Flutningar og form

Markmið að nemendur

- geri sér grein fyrir eðli flutninga þ.e. speglunar, hliðrunar og snúnings
- geti teiknað og greint mismunandi flutninga
- geti teiknað þríhyrninga með hvössu, gleiðu og réttu horni.
- þjálfist í að nota hringfara til að teikna hring
- viti að rétt horn er 90° og viti að hringur er 360°
- geti mælt þvermál og geisla (radíus) hrings

Mynstur og breytur/algebra

Markmið að nemendur

- þjálfist í að greina mynstur og regluleika
- kynnist því að nota bókstafi sem staðgengla talna

- læri að nota breytur
- geti skráð mynstur á mismunandi formi, bæði með tölum, myndum, bókstöfum og orðum
- þjálfist í að finna reglu í mynstri og geti spáð fyrir um þróun þess
- efli talnaskilning sinn og færni í meðferð talna
- geri sér grein fyrir að samlagning og frádráttur eru andhverfar aðgerðir
- geri sér grein fyrir að víxlregla gildir um samlagningu en ekki frádrátt
- þjálfist í að finna óþekkta stærð

Líkindi

Markmið að nemendur

- safni gögnum og nýti þau til að spá fyrir um framvindu
- beiti reikningi við athuganir á möguleikum
- rökstyðji ákvarðanir sínar
- meti líkur út frá gefnum forsendum
- skoði allar hugsanlegar útkomur

Hnitakerfi

Markmið að nemendur

- geri sér grein fyrir uppbyggingu hnitakerfisins
- geti lesið og skráð hnit
- geti lesið úr myndritum
- safni, flokki og setji fram töluleg gögn
- dragi ályktanir af tölulegum gögnum

Stærðfræði í daglegu lífi

Markmið að nemendur

- þjálfist í að beita stærðfræði við að leysa ýmis verkefni í daglegu lífi
- þjálfist í að vinna skipulega við lausn verkefna
- þjálfist í að lesa úr töflum og reikna út frá upplýsingum sem þar eru gefnar
- þjálfist í kortalestri og að reikna hve langan tíma það tekur að fara á milli staða
- breyti íslenskum krónum í erlenda mynt og erlendri mynt í íslenskar krónur
- geti borið saman verð í íslenskum krónum og erlendri mynt
- geti reiknað mismun á tíma í ólíkum tímabeltum
- þjálfist í að reikna hlutföll og skoða ólíkar leiðir að lausn
- kynnist hvernig stærðfræðin er undirstaða mælinga í tíma og rúmi
- átti sig á tímamun á milli ólíkra heimshluta
- finni upplýsingar á myndrænan hátt og geti túlkað þær
- kynnist jákvæðum og neikvæðum tölum í eðlilegu samhengi
- geti beitt hitamælingum af nákvæmni

Þrautir

Markmið að nemendur

- þjálfist í að leita leiða til að leysa þrautir
- noti fjölbreyttar aðferðir við lausn verkefna
- öðlist færni í að skýra lausnaleið sína fyrir öðrum, bæði í mæltu máli og rituðu
- temji sér að prófa lausnir í samhengi við upphaflegt verkefni
- semji eigin þrautir
- öðlist sjálfstraust við að leysa stærðfræðiverkefni
- auki skilning sinn og færni í að greina mynstur og regluleika
- geti nýtt sér þekkingu á reikniaðgerðum til að leysa þrautir og orðadæmi
- öðlist færni í að áætla niðurstöður og meta tölulegar upplýsingar
- leysi rökþrautir og skýri lausnir sínar

Talnaleikni

Markmið að nemendur

- geri sér grein fyrir uppbyggingu í tugakerfinu
- geti beitt því að námunda og áætla til að meta áreiðanleika svara
- skoði ýmsa möguleika til að nota vasareikni
- geti framkvæmt samsetta útreikninga

Leiðir að markmiðum:

- **Kennslufyrirkomulag:** 4 kennslustundir á viku. Námsfnið verður unnið í áföngum og námsáætlun afhent í upphafi hvers áfanga.

Áfangar skólaárið 2015-2016

- 1) Reikningur og aðgerðir
- 2) Almenn brot
- 3) Mælieiningar
- 4) Rúmfræði
- 5) Mynstur og algebra
- 6) Tölfræði og líkur
- 7) Hnitakerfi
- 8) Stærðfræði í daglegu lífi - Reikniaðgerðir, talnaleikni, gengi gjaldmiðla, þrautir o.fl

Markmið kennslunnar er að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum. Fjölbreyttir kennsluhættir, þ.á.m. einstaklingsmiðað nám, hópavinna, verklegar æfingar, þrautþjálfun, unnið í tölum og innlögn. Nauðsynlegt er að nemendur eigi hringfara, gráðuboga og reglustiku.

- **Heimanám:** Nemendur vinna samkvæmt áætlun í hverjum áfanga fyrir sig. Það sem nemendur ná ekki að klára í kennslustundum vinna þeir heima. Annað heimanám verður eftir þörfum.
- **Námsmat:** Símat yfir skólaárið. Námsmatsverkefni verða lögð fyrir í lok hvers áfanga, þegar við á er námsmatsverkefnið lagt fyrir eftir tvo áfanga. Metið verður hvort nemandi hafi náð þeim markmiðum sem stefnt var að í upphafi. Í lok annar eru vinnubækur og vinna í tímum metin til einkunnar. Námsmatið er fyrir alla sem koma að nemandanum auk hans sjálfs. Gefið verður fyrir með einkunnum og umsögnum.

- **Námsgögn:** Geisli 1A og 1B, ásamt aukaefni frá kennara. Þó getur verið misjafnt hvaða bækur er unnið með.

Samfélagsfræði - landafræði

Kennari: Hilma Steinarsdóttir

Nemandi

- Geti lesið af hefðbundnu staðfræðikorti upplýsingar um meginrætti landslags, landnotkun, búsetu og samgöngukerfi
- Þekki bauganet jarðar og skilji hvernig sú tækni er nýtt til að finna út staðsetningu
- Viti hvernig jörðin skiptist í tímabelti
- Kynnist landslagi, náttúrufari og auðlindum Norðurlandanna og mótun ísaldarjökulsins
- Þekki megineinkenni gróðurfars og loftslags Norðurlanda auk ríkjandi vinda og hafstrauma
- Þekki helstu menningareinkenni Norðurlandabúa eins og tungumál, trúarbrögð, lífskjör, menntamál og félagsmál, stjórnarfar, samstarf og sameiginlega hagsmuni Norðurlandanna
- Átti sig á hvað er líkt og hvað ólíkt í atvinnulífi, búsetumynstri og lífsháttum Norðurlandabúa
- Þekki helstu atvinnuvegi Norðurlandabúa og framleiðslu þeirra
- Kynni sér á hvaða sviðum Norðurlandaþjóðirnar eiga með sér samstarf og í hverju það felst

Leiðir að settum markmiðum: Unnið í námsbókunum Norðurlönd ásamt kortabókum og Netinu. Nemendur teikna upp norðurlöndin á veggspjald og merkja inn nöfn á löndum ásamt höfuðborgum, teikna fánana og golstrauminn.

Nemendur vinna í hópum og hver hópur vinnur sérstaklega með eitt land til kynningar fyrir aðra.

Náttúrufræði

Kennari: Hilma Steinarsdóttir

Á haustönn er áhersla lögð á kraft og hreyfingu

Nemandi á að

- þekkja að til eru nokkrar gerðir krafta, svo sem flotkraftur, lyftikraftur, segulkraftur, og aðdráttarkraftur.
- átta sig á hugtökunum vegalengd, tími og hraði
- gera sér grein fyrir að vélar, svo sem tannhjól, gírar, öxlar og trissur, eru tæki sem hjálpa með því að margfalda krafta

Leiðir að settum markmiðum: Unnið í kennslubókinni Auðvitað 1, farið í gegn um námsefnið saman og spurningum svarað eftir hvern kafla. Valdar tilraunir gerðar. Unnið bæði í stærri og minni hópum.

Námsmat:

Skrifleg umsögn og einkunn fyrir námsmatsverkefni/próf.

Heimilisfræði

Kennari: Hilma Steinarsdóttir

Nemandi á að

- hafa þjálfast í einföldum aðferðum í matreiðslu og góðum vinnubrögðum
- þekkja algengustu áhöld og tæki og nota þau rétt
- geta unnið sjálfstætt eftir uppskriftum
- hafa tileinkað sér góða umgengni
- þekkja þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð
- geta þvegið upp samkvæmt hreinlætiskröfum
- geta haldið hreinu vinnusvæði, áhöldum og tækjum (kæliskáp, eldavél)
- þekkja þvottamerkin og geta flokkað þvott
- geta tekið til í herbergi sínu og tekið þátt í heimilisstörfum
- temja sér að taka þátt í ánægjulegum samskiptum við borðhald
- geta sýnt samábyrgð í verki
- geta straujað þvott
- geta sett sig í spor annarra og tekið þátt í samvinnu á heimilinu
- geta virt jafnrétti og ólík sjónarmið, mismunandi siði og venjur o vita hvað eru góðar lífsvenjur (næring, hreyfing, hvíld, svefn)

Leiðir að settum markmiðum: Verklegir tímar, eldað, bakað, straujað, þvottamiðar skoðaðir og svo fv. Einnig eru bóklegir tímar, þá er unnið í kennslubókinni Gott og gagnlegt.

Námsmat: Skrifleg umsögn um framkomu, umgengni, virkni, hreinlæti.

Lífsleikni

Kennari: Hilma Steinarsdóttir

Helstu markmið eru að nemendur:

- öðlist aukinn skilning á sjálfum sér og þeim gildum sem þeim finnst mikilvæg
- efli og styrki sjálfsmýnd sína
- læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum
- þjálfist í að vera læsir á eigin tilfinningar og annarra
- læri ýmsar gagnlegar aðferðir í samskiptum
- geri sér grein fyrir réttindum sínum og skyldum og í hverju borgaravitund felst
- geri sér grein fyrir eigin ábyrgð í tengslum við umhverfismál og umhverfisvernd

Leiðir að settum markmiðum: Umræður, einstaklings-, para- og hópvinna, rökræður, ýmis skrifleg verkefni.

Námsmat: Skrifleg umsögn um framkomu, umgengni, virkni í hópvinnu og umræðum og almenn vinnubrögð og virkni í tímum, sjálfsmat.

Námsgögn: Ertu? (vinnubók)

Upplýsinga og tæknimennt

Kennari: Hilma Steinarsdóttir

Markmið að nemendur:

- læri að skeyta saman texta, mynd og hljóði á tölvutæku formi
- geti nýtt sér glærugerðarforrit
- geta sett inn myndir og gröf og töflur í texta
- geti brotið um flókinn texta með myndum

Leiðir að settum markmiðum:

Unnið í Microsoft office word, publisher og powerpoint. Unnið í movie maker.

Smíðar

Verkefni í smíðum hjá miðstigi, 5.-6. bekkur veturinn 2015-2016

Ein klukkustund á viku.

Kennari: Hrafngerður Ösp Elíasdóttir

Markmið.

- Að þjálfa hug og hönd, ásamt tilfinningu fyrir efni, formi og litum.
- Að þekkja og geta beitt einföldum handverkfærum.
- Að þjálfast í að fara eftir fyrirmælum svo nemendur verði sjálfstæðir í vinnu sinni.
- Að læra og tleinka sér margs konar aðferðir og vinnubrögð, hagkvæmar vinnustellingar, rétta notkun áhalda, samhliða þjálfun til sjálfstæðrar sköpunar eftir því sem aldur og þroski leyfir.
- Að geta gert lýsandi vinnuteikningar af verkum sínum
- Að gera sér grein fyrir mikilvægi vandaðra vinnubragða og góðrar umgengni.
- Að vekja og efla áhuga nemenda fyrir nytsömu og þroskandi tómstundastarfi sem gefur þeim færi á að gleðja sig og sína nánustu með því að skapa hluti og hafa persónuleg gildi.

Verkefni.

- Nemendur velja sér ýmis verkefni.
- Verkefni frá kennara, t.d. vinna úr hornum, málmum, beinum og timbri.

Námsmat.

Hegðun, árangur vinnunnar, vinnubrögð, ástundun og það hvernig nemandi tekur tilsögn í tímum.

Textíll

Verkefni í textíll hjá miðstigi, 5.-6. bekkur veturinn 2015-2016

Ein klukkustund á viku.

Kennari Hrafngerður Ösp Elíasdóttir

Verkefni.

- Vefnaður á litla ramma
- Prjón
- Saum
- Þæfing, annarsvegar með þæfingarnál og hins vegar með sápu og vatni.
- Nemendur vinna saman að verkefni, unnið úr kembu og einangrunarplast.

Námsmat.

Hegðun, árangur vinnunnar, vinnubrögð, ástundun og það hvernig nemandi tekur tilsögn í tímum.

Myndmennt

Verkefni í myndmennt hjá miðstigi 5.-6. bekkur veturinn 2015-2016

40 mínútur einu sinni í viku

kennari Hrafngerður Ösp Elíasdóttir

Verkefni

- nemendur gera mynd með krít á svartan pappír, sprejjað og plastað.
- nemendur gera skuggamynd af höfði sínu á hvítan pappír sem síðan er málað með svörtum þekjulit.
- nemendur gera mynd með bleki og vatnslitum.
- nemendur teikna mynd með kolum.
- nemendur velja sér verkefni.
- nemendur vinna verkefni úr leir.

Námsmat

Hegðun, árangur vinnunnar, vinnubrögð, ástundun og það hvernig nemandi tekur tilsögn í tímum.